



Fundargerð 4. fundar stjórnar SSA starfsárið 2018-2019.

Fundur stjórnar SSA var haldinn í síma 29. september og hófst kl. 13:30

Mættir voru Einar Már Sigurðarson, Gauti Jóhannesson, Gunnar Jónsson, Hildur Þórisdóttir og Stefán Bogi Sveinsson. Jóney Jónsdóttir, verkefnastjóri sveitarstjórnarmála ritaði fundargerð. Pálína Margeirsdóttir og Sigríður Bragadóttir boðuðu forföll.

Einar Már Sigurðarson formaður setti fundinn.

Gengið var til eftirfarandi dagskrár:

1. Umsóknir um framlög sem veitt eru til sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða, sbr. aðgerð C.1 í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið auglýsti þann 30. ágúst eftir umsóknum um framlög sem veitt eru til sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða, sbr. aðgerð C.1 í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024. Samkvæmt reglum um framlögin skulu það vera landshlutasamtök sem sækja um framlögin. Umsóknarfrestur er til 30. september. SSA óskaði eftir tillögum frá sveitarfélögum um verkefni og í kjölfar þess að tillögur bárust var óskað eftir því að umsóknir bærust á sérstökum umsóknareyðublöðum sem samræmast rafrænni umsóknargátt Byggðastofnunar, en umsóknum um framlögin ber að skila í gegnum þá gátt.

Fyrir fundinum liggja sex umsóknir frá 4 sveitarfélögum í því formi sem óskað var eftir. Frá Fjarðabyggð barst verkefnið *Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði; Tilraunaverkefni um byggðapróun á sviði menningar, menntunar og atvinnusköpunar*. Frá Fljótsdalshéraði barst verkefnið *Sköpun fjölbreyttari atvinnutækifæra á Úthéraði*. Frá Fljótsdalshreppi bárust verkefnið *Afdalaauður. Rannsóknir til miðlunar og nýsköpunar og Skógarafurðir*. Frá Seyðisfjarðarkaupstað bárust verkefnið *Menningarbærinn Seyðisfjörður - stuðningur við faglegt starf og Menningarbærinn Seyðisfjörður – ný hús á gömlum grunni*.

Stjórn SSA samþykkir að sækja um framlög til allra framangreindra verkefna. Til viðbótar mun stjórn SSA í samráði við Austurbrú móta umsókn um framlag til einmenningsstarfsstöðva Austurbrúar sem annast umsýslu ýmissa verkefna sem tengjast og lúta að byggðapróun.

Jafnframt beinir stjórn SSA því til ráðuneytisins og Byggðastofnunar að til framtíðar verði haft í huga að veita landshlutasamtökunum meiri fyrirvara til að vinna að sambærilegum umsóknum, þar sem gera þarf ráð fyrir samráði við aðildarsveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki á svæðinu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:00.



Einar Már Sigurðarson

Gunnar Jónsson

Stefán Bogi Sveinsson

Gauti Jóhannesson

Hildur Þórisdóttir
